

Íslensk abstraktlist — endurskodun

íslensk abstraktlist — endurskoðun / Icelandic Abstract art — under review

Kjarvalsstaðir
Listasafn Reykjavíkur
The Reykjavík Municipal Art Museum
april - mai 1995

Alla þessa öld hefur óhlutlæg myndgerð verið veigamikill þáttur í vestrænni listasögu. Í fyrstu voru formin hlaðin frumspeki-legum hugleiðingum, síðan lögðu listamenn sig fram við að tæma merkingarsviðið og boðuðu algildi formsins. Nú á síðastiðnum áratug hefur abstraktlistin aftur komist í forgrunninn en þó með endurnýjuðum formerkjum. Allan þennan tíma hafa íslenskir myndlistarmenn af mismunandi miklum krafti tekið þátt í alþjóðlegu ævintýri abstraktlistarinnar. Á þessari sýningu gefst okkur tækifæri til að skoða hvernig íslenskir samtímalistamenn hafa endurskoðað hið óhlutlæga myndmál og gætt það persónlegum hugmyndum sinum. Það er okkur sönn ánægja að kynna verk viðkomandi 14 listamanna sem sameinast í hinu óhlutbundna myndmáli en þó ávallt á ólikum hugmyndalegum forsendum.

Throughout this century, Abstract art has been an important area of Western art history. Abstract artists began by charging their forms with metaphysical speculations, and later declared the universality of form as they strove to empty their works of all meaning. Now, over the past decade, Abstract has moved into the spotlight again, approached from new angles. All this time, Icelandic artists have been involved to varying extents in the global Abstract adventure. The present exhibition gives an opportunity to see the way Icelandic contemporary artists have reviewed the Abstract pictorial language and endowed it with their own personal ideas. It is a sincere pleasure for the Cultural Committee of the City of Reykjavík to give visitors to Kjarvalsstadir the opportunity to see the works of fourteen artists, all working in the common language of Abstract but on their own different conceptual terms.

Formaður menningarmálanefndar Reykjavíkurborgar / Chairman, Cultural Committee of the City of Reykjavík



I

Í byrjun aldarinnar komu fram á sjónarsviðið margar, merkar uppgötvanir, tæknilegar nýjungar og áður óþekktar hugmyndir sem brugðu nýju ljósi á lífið og tilveruna. Einstein setti fyrst fram hugmyndir sínar um afstæðiskenninguna árið 1905; Darwin sýndi fram á þróun mannsins í lífskeðjunni; Freud upplýsti fólk um „hinn innri mann”, undirmæðvit-undina og Nietsche sagði Guð dauðan.

Andspænis þessum nýja veruleika komu enn fremur fram efasemdir um gildi hefð-bundinnar myndlistar og tengsl hennar við veruleikann. Menn settu spurningarmerki við þá viðteknu hugmynd að listin ætti að lýsa hlutveruleikanum á myndfletinum. Á þessum tíma virtist veruleikinn annað og meira og listamenn fóru ólikar leiðir í leit að nýju myndmáli, sem hæfði best þessum nýju kringumstæðum.

Þegar árið 1910 var Picassó kominn fram með málverk i Frakklandi, þar sem hlutveruleikinn er brotinn upp í frumeindir sínar á tvívíðum myndfletinum. Þessar hugmyndir, sem kenndar eru við kúbismann, voru þó oftast umskrift á hlutveruleikanum, þar sem listamenn reyna eftir mætti að samræma ólik sjónarhorn — tíma — á myndfletinum. Kúbisminn byggir að hluta á rannsóknum Cézanne sem hafnaði fjarvíddarkenningum Endurreisnarinnar og lagði áherslu að sætta strúktúrinn — myndbygginguna — við tvívíðan myndflötinn jafnframt því sem hann í seinni verkum sínum innleiddi fleira en eitt sjónarhorn í sama málverki. Með kúbismanum færðist málverkið frá því að vera endurbygging á sjónrænni skynjun yfir í að vera fullkomlega hugmyndaleg uppfining. Horfð var frá eftirlíkingu en myndefnið þó gefið í skyn. Þau málverk, þar sem Picassó og Braque ganga hvað lengst í umbreytingu myndefnisins, eru aði torlesin en þó aldrei fullkomlega óhlutlæg. Í þessum formrannsóknum kúbismans er það vafalitið Fernand Léger sem gengur hvað lengst í því að hafna hlutveruleikanum í verkum sínum frá 1914, þar sem hann tjáir einfaldlega hugmynd um sprengikraft nútímalifsins. Það má því segja að kúbisminn — með niðurbroti og myndbrotasamsetningum — hafi verið afgerandi leið að hinu hreina, óhlutlæga málverki.

Árið 1909 birtu itölsku fútúristarnir manifesto í franska dagblaðinu *Le Figaro* og opinberuðu nýjar hugmyndir um fugurðina og málverkið. List þeirra tengdist ýmsum nýlegum tækníuppgötvunum líkt og rafmagni og röntgengeneislum í málverkinu vildu þeir fjarlægjast hefðbundið myndefni og þess í stað tjá ákveðin hugtök líkt og hrada og hljóð. Myndmál fútúristana, sem fékk að láni hluta af lita- og ljóskenningum Delaunay, var líkt og kúbisminn oft erfitt afestrar án þess þó að verða nokkurn tímamann fullkomlega abstrakt. Umskrift fútúristana á myndefninu var fyrst og fremst ódur til nútímatækni-samfélagsins en ekki leið til að rjúfa tengslin við hlutveruleikann.

Nokkrum árum síðar, árið 1912, í Rússlandi, skapa Nathalia Gontcharova og Mikhail Larionov liststefnu sem nefnist Rayonnismi, sem minnir um margt á formspil fútúristanna.

Ýmsar visindalegar rannsóknir á ljósi og litum voru einnig mikilvægar fyrir framgöngu mála. Á 19. öld höfðu verið settar fram margar, merkar uppgötvanir um eðli litarins og tengsl hans við ljósið, sem síð-impressjónistar, líkt og Seurat og Signac, höfðu m.a. nýtt sér í nýrrí sýn sinni á hlutveruleikann. Í byrjun 20. aldarinnar eygdu listamenn enn fremur, í tengslum við margs konar litfræðikenningar, möguleika á sjálfstæðu hlutverki litarins óháð hlutnum. Og árið 1911 málar tékkneski málarinn Frantisek Kupka (1871-1957), sem búsettur var í París, hreina litabstraksjón sem átti aðeins að tjá „tilfinningalegt myndefni séð með auga hugsans“. Á sama tíma og Kupka, Delaunay og fleiri franskir listamenn (sem franska skáldið Appollinaire nefndi, árið 1913, *Orphista*) lögðu sig fram við að útlista visindalegar forsendur málverksins með tilvisunum í litfræðikenningar visindamanna á borð við Ogden Rood og Michel-Eugene Chevreul, var rússneski málarinn Wassily Kandinsky (1866-1944) í München að lesa litakenningar Goethes frá 1810 og skrifa bók sina *Über das Geistige in der Kunst*, þar sem hann leggur fræðilegan grunn að óhlutlægu málverki sem byggist umfram allt á hlutstæðum og frumspekilegum (metafysiskum) eiginleikum litarins.

Þegar hér var komið og listamenn höfðu meðvitað rofið tengslin við hlutveruleikann þurftu þeir oftast aðrar fræðilegar forsendur fyrir málverkið. Flestir þeirra, líkt og Kupka, Kandinsky og Delaunay, vísuðu til tónlistar, bæði í fræðilegum útlistingum og nafnagiftum. Fyrir listamenn og heimspekinga hafði tónlistin um langan aldur verið sú listgrein sem stóð sem sjálfstæð, lifræn heild andspænis náttúrunni. (Og á 4. áratugnum verður

byggingarlistin ekki síður raunveruleg viðmiðun). Í skrifum Kandinsky má enn fremur merkja skýr tengsl hans við þýsku heimspekingana Hegel og Schopenhauer, þegar hann rædir um tvíræðni formsins. Annars vegar um formið sem tákni og hins vegar sem „innri nauðsyn”, fullkomlega hlutstætt form. Þá fengu hugmyndir listamannsins um „innri nauðsyn” enn fremur stuðning í hugmyndum guðspekinga (theosophista) á borð við Rudolf Steiner, Annie Besant og C. W. Leadbetter, en í verkum sínum frá 1911, þegar Kandinsky lætur litina sprengja af sér formið og flæða hvern inn í annan á myndfletinum, myndgerir hann hugmyndir Annie Besant og C.W. Leadbetters um „hugsanaform” (Thought Forms). Likt og guðspekingar trúði Kandinsky því að litur og form hefðu dulrænan mátt. Og að litur og form gætu likt og tónlistin framkallað bylgjur sem göfguðu sálina.

Hollendingurinn Mondrian (1872-1944) var annar listamaður sem tók mið af dulspekilegum hugmyndum. Hann hafði í fyrstu tileinkað sér myndmál síðkubismans þar sem hann leysti upp myndefni og endurbyggði á kerfisbundinn hátt á myndfletinum. Síðar átti hann eftir að þróa óhlutlæga myndgerð sem byggðist á lóðréttum og láréttum formum og notkun á þremur grunnlitum: gul, bláu og rauðu. Formheimur Mondrians, sem settur var fram í „dýnamísku jafnvægi”, hafði enn fremur til að bera dulrænar merkingar sem vísuðu í rit heimspekingsins og stærðfræðingsins M. H. J. Schoenmaekers.

Í Rússlandi var Malevich (1878-1935) að mála átta rauða réttihyrninga á hvítan grunn. Geómetriskar myndir sem sóttu andagiftina m.a. í hugleiðingar rússneska heimspekingsins Ouspenskys um fjórðu viddina. Hér var þó viðfangsefnið ekki tíminn, likt og hjá kubistunum, heldur nýtt vitundarstig milli dauða og eilfis lífs. Malevich sá í hugmyndum heimspekingsins sjónræna möguleika fyrir málverkið, þar sem hann létt formin fljóta á hvítum grunni, sem einn lita gat gefið áhorfendum innsýn inn í hið öandanlega dýpi. Likt og Mondrian áleit Malevich að óhlutlægt málverk hefði mátt til að flytja einstaklinginn inn á æðra vitundarstig.

Pegar rætt er um óhlutlæga myndgerð frá öðrum áratugnum eru listamennirnir Kandinsky, Malevich og Mondrian gjarnan teknir út úr og stillt saman sem fræðilegum frumkvöldum abstraktlistarinnar. Þeir áttu það allir sameiginlegt — þó þeir færðu ólikar leiðir — að vilja afhjúpa innra eðli veruleikans, endurspeglia hið innra líf og láta áhorfann verða þáttakanda í hreinu, ljóðrænu útstreymi listaverksins.

Pótt listfræðingar séu ekki allir sammála um það hvenær óhlutlæg myndlist kom fyrst fram — sumir nefna 1909 þegar Picabia málaði óhlutlæga vatnslitamynd sem nefnist *Caoutchouc*, aðrir nefna 1910 árið er Kandinsky málaði sína fyrstu óhlutlægu vatnslitamynd — þá viðurkenna flestir þeirra að upphafið eigi sér stað á árunum 1912-1913. En um eitt eru allir sammála og það er að á þessum tíma kemur fram myndmál, óhlutlæg list, sem umbylti öllum fyrri hugmyndum manna um myndlist. Þetta var ný tegund myndlistar sem spratt fram samtímis viðs vegar um veröldina, sem vildi ekki lengur líkja eftir hlutveruleikanum heldur fyrst og fremst tjá tilfinningar og hugsun listamannsins.

II

Árið 1945 var efnt til yfirlitssýningar í París sem bar yfirskriftina „Art Concret“ og þar kom fram sú myndgerð sem átti eftir að setja mestan svip á listina í París næsta áratuginn. Árið 1946 var síðan listamannahópurinn Réalites Nouvelles stofnaður, en hann aðhylltist strangt flatarmálverk og hélt árlegar sýningar. Í þessum hópi voru listamenn af ýmsum þjóðernum og urðu félögarnir, þegar flest var, á fimmta hundrað. Af þeim listamönnum, sem mest kvað að á þessum árum og höfðu mest áhrif, má nefna Auguste Herbin (1882-1960), Serge Poliakov (1906-1969), Jean Dewasne (1921), Victor Vasarely (1908) og Richard Mortensen (1910-1992). Þessir listamenn fengu einnig áhrifamikinn vettvang þegar listaverkasalinn Denise René hóf sýningar og kynningar á verkum þeirra. Helsti hugmyndafræðingur þessa geómetriska flatarmálverks var gagnrýnandinn Léon Degand sem lagði ríka áherslu á að listin ætti að vera hrein og óháð og höfða til listrænnar skynjunar en ekki vekja upp tilfinningar eða skírskotanir sem væru málverkinu framandi. Enn fremur var André Bloc (1889-1966) mikilvægur talismaður. Hann var ritstjóri listtímaritsins *Art d'Aujourd'hui*, sem hóf göngu sína 1949 og var það tímarit mikilvægur málsvari þessa nýja málverks. Mégineinkenni þessa geómetriska flatarmálverks er að formin hafa enga skírskotun til veruleikans, þau eru hvorki umskrift né dregin af veruleikanum heldur eru þau hlutstæð (konkret) í sjálfum sér og því var hugtakid konkretismi oft notað sem stilheiði yfir þessi verk. Með þeim hætti skyldi listamaðurinn aðeins nota „hið hreina mál myndlistarinnar“. Þetta stranga, geómetriska málverk, sem kemur fram í

Paris eftir strið, á sér fyrst og fremst listsögulegar rætur í rússneska konstrúktifismanum og De Stijl hreyfingunni á öðrum og þriðja áratugnum. Verk De Stijl listamanna — eins og Piet Mondrian (1872-1944) og Theo van Doesburg (1883-1931) — einkennast þó fyrst og fremst af samræmdum og kyrrstæðum formum, en það sem aftur á móti einkennir hina nýju géometriu eftir strið er öðru fremur flókið myndrými sem felur í sér tálmynd af hreyfingu og tíma. Formgerð þessara verka einkennist af géometriskum strangleika, sléttum, eintóna litaflötum og hugmyndafræðingar þessa nýja málverks lögðu fyrst og fremst áherslu á frumpætti myndmálsins í ritum sínum, eins og form og lit og myndbyggingu. Kemur þetta glöggjt fram í verkum Herbin, Danans Richards Mortensens og Ungverjans Vasarély. Vasarély átti síðan eftir að þróa áfram eiginleika forms og lita og framkalla málverk sem byggjast á sjónvilli formanna. Þessi tegund abstraktlistarinnar fékk heitið „op-list“ og var það fyrst notað af gagnrýnanda Time 1964 sem stytting á enska orðinu optical eða sjónrænn.

Það er ekki fyrr en á Septembersýningunni 1951, sem géometrisk flatarmálverk komu fyrst fram á Íslandi, en þá sýndi Valtýr Pétursson verk — t.d. „Á svörtum grunni“ — þar sem öllum kennisetningum géometriska málverksins er fylgt; formin eru skýrt afmörkuð og án efnisverkunar. Valtýr dvaldi í Paris 1948-50 og sótti sýningar í Galerie Denis René og Galerie Arnaud og kynntist verkum listamanna eins og Richard Mortensen, Victor Vasarély og Serge Poliakov og hugmyndum Léon Degand. Þá höfðu verk Þorvalds Skúlasonar á sýningunni 1951 sterk einkenni þessa nýja málverks. Á sýningu hópsins árið 1952 sýndu enn fremur Þorvaldur Skúlason, Nina Tryggvadóttir, Karl Kvaran (1924-1989), Hjörleifur Sigurðsson (1925), Guðmunda Andréasdóttir og Kjartan Guðjónsson verk af þessum toga. Þessir listamenn höfðu þá allir dvalið um lengri eða skemmti tíma í Paris — fyrir utan Karl Kvaran — og höfðu kynnst þar hinu géometriska málverki. Til marks um þá fótfestu sem géometriska málverkið náði meðal íslenskra listamanna í upphafi sjötta áratugarins var að á árinu 1953 var efnt til tveggja samsýninga þar sem sýnd voru verk af þessum toga. Á Vorsýningunni sýndu Þorvaldur Skúlason, Valtýr Pétursson, Hjörleifur Sigurðsson og myndhöggvarnir Ásmundur Sveinsson (1893-1982) og Gerður Helgadóttir (1928-1975). Á Haustsýningunni sýndu Hörður Ágústsson, Karl Kvaran, Sverrir Haraldsson (1930-1985), Eiríkur Smith og Savar Guðnason.

Þó svo að abstrakt expressjónisminn hafi um árabil verið ríkjandi myndmál í bandarískum listaheimi er vart hægt að tala um hreyfingu géometriska málara samanborið við það sem gerðist í Evrópu eftir seinni heimsstyrjöld. Fremur má tala um nokkra einstaklinga likt og Rothko, Clifford Still og Barnett Newman sem áttu eftir að hafa umtalsverð áhrif á óhlutlæga myndlist næstu áratugina.

Pótt finna megi ákveðin tengsl við evrópsku géometriuna frá 4. áratugnum í verkum Newmans afneitaði hann því sjálfur. Hann lagði áherslu á að verk sin hefðu til að bera dramatískar tilfinningar og að formgerðin hjá honum byggðist fullkomlega á öðrum forsendum. Hann sýndi fram á að í verkum sínum væri ekki um að ræða samspil géometriskra forma likt og í evrópska, géometriska málverkinu og talaði um formin sín sem formleysur. Hann hafnar fagurfræðinni í hefðbundnum skilningi og talar þess í stað um hið göfuga og háleita (sublima) í tengslum við formgerðina. Þessi afstaða hans kemur fyrst fram í þeim verkum þar sem hann teflir saman stórum, afgerandi einlitaflötum og hins vegar lóðréttir línu eða formi í öðrum lit. Hér er það lóðrétt lína sem bæði opnar og heldur málverkinu saman. En það sem meira er, þessi verk höfðu til að bera mjög ríka, tákñfræðilega merkingu sem tengist gyðingauppruna listamannsins og kemur m.a. fram í nafngiftum verkanna sem flest eru tekin úr Gamlatestamentinu. Lóðréttá línan er oftast tákna fyrir ljósíð og undirstrikar enn fremur hugmyndir Newmans um hið háleita í verkinu. Í seinni tíma verkum sínum leggur Newman aukna áherslu á stærð myndflatarins með sterku, glansandi litum, þannig að myndin tekur eða fyllir út í allt sjónsvíð áhorfandans og í raun er það þar sem rými málverksins og áhorfandans byrjar að riðlast. Þetta nýja hlutverk rýmisins og þessi heildaráhrif formgerðarinnar urðu afgerandi uppsprettu fyrir minimalistmann.

Tveir aðrir bandarískir listmálarar eru einnig lykilmenn í þróun formrænnar abstraktlistar næstu áratugina. Ad Reinhardt (1913-1966) er annar þeirra. Hann tileinkaði sér strax í upphafi óhlutlægt myndmál og á 6. áratugnum malaði hann tví-tóna myndir þar sem formin eru vart greinanleg. Bæði einfaldileikinn í formgerðinni og stærð verka hans átti eftir að hafa afgerandi áhrif á mynd- og rýmishugsun minimalistana um miðjan 7. áratuginn. Hinn listamaðurinn var Frank Stella (1936). Árið 1960 var haldin timamótasýning á verkum eftir Stella í Museum of Modern Art í New York sem olli straumhvörf-

um innan abstraktlistarinar. Í verkum sínum lagði Stella megin áherslu á að endurnýja formgerðina og gerði það fyrst og fremst með því að breyta hinu hefðbundna, ferhyrnda myndformi og búa til samsplil milli þess og formgerðarinnar. Allar þessar myndir voru málæðar með glerungi í svörtu og hvitu. Formgerðin í þessum verkum mótaðist af hvitum linum sem lágu samsíða myndrammanum þannig að aldrei myndast neitt stigveldi (hierarki) í neinum myndheimi. Þetta er rökrétt uppsetning og einföld í framsetningu. Og þar sem listamaðurinn býr aldrei til sjálfstæðan myndheim innan rammans verður aldrei til neins konar munur á forgrunni og bakgrunni. Sjálfur lýsti Stella þessari myndgerð sem non-relational eða samhengislausri en evrópska, geómetriska málverkið byggðist fyrst og fremst á því að búa til samhengi og afstöðu í hinum innra myndheimi. Þó svo að þessi hugmynd minni um margt á verk Barnett Newmans þá eru verk Stella umfram allt andfrumspekleg, ópersónuleg og firrt öllum tilfinningum.

Árið 1966 var haldin sýning í New York sem bar yfirskriftina Primary Structures. Þar kom fram höpur listamanna, sem sýndi óhlutlæg myndverk, þar sem lögð var áhersla á að einfalda formgerðina í frumpætti sína. Á sama tima og bessir listamenn voru að þráa áfram hina sögulegu, geómetrisku myndgerð komu þeir fram með frumlegar hugmyndir varðandi hlutverk rýmsins og tengslin við áhorfendur. Þessi myndlist fékk snemma heitið ABC list eða minimalismi og hefur sú nafngift fest við þennan óformlega listhóp. Þeir listamenn sem mörkuðu stefnuna voru Carl Andre, Donald Judd, Robert Morris, Larry Bell og Dan Flavin. Þó svo að flestir þessir listamenn ættu uppruna í málverkinu sýndu þeir allir skulptúra, en minimal-hluturinn var og er afar frábrugðinn örðrum höggmyndum, hvað varðar myndbyggingu, tækní og staðsetningu í rýminu.

Það eru einkum þrjúatriði sem eru talin forsenda bandaríska minimalismans: í fyrsta lagi áhugi listamanna á 6. áratugnum á leikhúsini, happening og örðrum uppákomum sem opnuðu myndlistarmönnum áður óþekktu reynslu sem var meðvituð tengsl þeirra við rýmið umhverfis líkt og á leiksviðinu. Í öðru lagi hinn einfaldi myndheimur *Black paintings* Ad Reinhardts og svörtu, ál- og koparmyndir Frank Stella frá því um 1960. Þessi gríðarstóru verk andspænis áhorfendum gefa þeim möguleika á að stíga inn í myndrýmið, eða öllu heldur bjóða áhorfendum að samsama eigið rými rýminu í myndinni. Þessar myndir höfðu hafnað innri rökvisi verksins og hefðbundinni myndbyggingu fyrir nýja skipan þar sem myndflöturinn var í senn flótur og öxull milli myndarinnar og áhorfandans. Þriðja forsenda, uppsprettu minimalismans, er án efa lærðómur sem menn drógu af rússneska konstruktifismanum og Brancusi. Minimalistarnir strokuðu út úr verkum Brancusi þessa mystisk-eldfornu tilfinningu og litu á verk hans sem hreinan formalisma. Þar sem formin báru enga merkingu aðra en að vera í rýminu — vera í ákveðnu efni í ákveðnu rými.

Minimal listhluturinn byggist ekki á innri tengslum viðkomandi forma heldur er það heildin andspænis áhorfandanum sem skiptir megin máli. Hluturinn hefur verið einfald-áður efnislega í grindur eða byggingar eða ósnertanlegt fyrirbæri eins og t.d. ljós. Formin eru iðulega hlutlaus, geómetrisk og lárétt. (Sjaldnar lóðrétt vegna þess að slikt er ákveðinn snertiflotur við manninn og hefur frekar táknað gildi). Allt er nákvæmlega útmælt og því er í raun ekki hægt að stækka eða minnka þessi verk. Þau eru oftast unnin í verksmiðjum þar sem hönd listamannsins er hvergi sjánleg.

Fram að þessum tíma hafði rými í málverki og höggmyndalist verið skilgreint innan myndrammans og í skulptúrnum. Það var því rammi myndarinar og stöppull skulptúrins sem aðgreindi rými verksins frá rými áhorfandans. Í þessu samhengi er gjarnan talad um sjónrænt rými þar sem áhorfandinn nýtur verksins fyrst og fremst sjónrænt. En minimalistarnir tóku stöppulinn undan verkinu og bjuggu til til nýja tegund af myndrými, þar sem áhorfandinn og listaverkið deila sama rými. Í þessu samhengi hefur verið talað um tilvistarrými þar sem áhorfandinn og verkið þróast sameiginlega í viðkomandi rými. Áhorfandinn er í þessum verkum orðinn likamlegur hluti af listaverkinu. Þessar hugmyndir voru reyndar komnar fram í tengslum við stóru verkin eftir Newman og Ad Reinhardt.

Í hinum afdráttarlausu hugmyndum minimalistanna um formgerðina og hlutverk rýmisins, settu þeir enn fremur spurningarmerki við hina hefðbundnu fagurfræði þar sem þeir sögðu að búið væri að kerfisgera mannlegar tilfinningar og upplifun. Þeir höfnuðu því hefðbundnum skilgreiningum fagurfræðinnar en lögðu þess í stað áherslu á að minimal-listin vildi samtengja skynjun áhorfandans á listhlutinn og á eigin likama í rýminu.

Þó svo að minimalisminn hafi hafnað fagurfræðinni sem slikti verður ekki umvillist að þessir listamenn höfðu mikil áhrif á fagurfræðilega upplifun og framsetningu almennt í

listinni og reyndar i samféluginu almennt. Minimalisminn var og er listform sem náði mikilli útbreiðslu, og er það ekki síst að þakka skrifum listamannanna sjálfa.

Í byrjun 9. áratugarins komst abstraktlistin enn og aftur í sviðsljósíð en þó með nýjum formerkjum. Nú gilti ekki lengur hreintrúarstefna módernismans um sérgildi formsins, heldur var unnið meðvitað með stilfrædilega lykla géometriunnar og lögð áhersla á til-einkunina og eftirlíkingar í anda post-módernismans. Mikilvægur þáttur í hugmynda-fræði nýju géometriunnar (Neo-Geo) var að stefna saman tveimur pólum sem oft hafa verið aðgreindir í há- og lágmenningu, þ. e. annars vegar viðkenndum, listsögulega skráðum liststefnum, líkt og abstraktlistinni, og hins vegar albýðumenningu nútíma iðnaðar- og neyslusamfélags. Nýja abstraktmálverkið, eins og það birtist m. a. í verkum Tim Ebner, Ross Bleckner, Sherrie Levine, Philip Taaffe og Peter Halley, er því oftast formrænt, en jafnframt því býr það yfir skýrum merkingarsviðum. Allt er gert til að afhjúpa algildi formsins en þess í stað er unnið markvisst út frá neyslusamféluginu og hluta-menningunni (oft á einkar gagnrýnnin hátt) og meðvitað vísad í fagurfrædilegar klisjur, þekkt stilbrigði, jafnvel önnur listaverk, oft með hæðnislegum undirtóni. Á þennan hátt er hinn óhlutbundni formheimur hefðbundinna abstraktlistar orðinn raunverulegt viðfangsefni og inntak nýju géometriunnar með öllum þeim aukamerkingum, menningar- og félags-legum, sem hann ber í sér.

III

Vist er að listin hér á landi síðastliðna þrjá áratugi hefur verið margþætt. Þar hafa farið samhliða ólikar liststefnur — hefðbundin abstraktlist, fluxus-viðhorf, efnishugmyndir Arte Povera, ljóðræn conceptlist, endurómur minimalismans, figúratíft málverk — sem runn-ið hafa saman eða smitað út frá sér. Í fæstum tilfellum getum við talað um listræna hrein-ræktun í takt við erlendar fyrirmyn dir.

Á síðastliðnum árum hefur mátt sjá að óhlutlægt myndmál hefur í auknum mæli komið upp á yfirborðið í verkum íslenskra myndlistarmanna. Vist er að hugmyndalegar forsendur þessara listamanna og leiðir þeirra að þessu myndmáli eru afar ólikar. En með nokkurri einföldun getum greint two megin þætti. Annars vegar eru það þeir listamenn sem vinna upprunalega út frá formrænum forsendum og takast á við efni, lit og formgerð, og hins vegar eru það þeir sem ganga út frá skýrum, hugmyndalegum eða tákñfrædi-legum forsendum þar sem myndmálið hefur vísanir handan við myndflötinn.

Sá listamaður sem fremur öðrum tengir þessa nýju, óhlutlægu myndlist við hefðina, jafnframt því sem hann gefur henni endurskoðaða merkingu, er Svava Björnsdóttir (f. 1952), sem hóf snemma á 9. áratugnum að steypa í pappamassa lítaðar, óhlutlægar lágmyndir, sem í fyrstu byggdust á lífrænum formum, en á seinni hluta áratugarins varð formgerðin meir og meir géometrisk. Í þessum verkum er áherslan lögð á samþætt sam-spil efnis, litar og formgerðar sem listakonan skapar og þróar í móderniskum skilningi, (formræn uppfinding listamannsins er ávallt í forgrunni) þó svo að framsetning og af-staða í rýminu taki að hluta tillit til hugmynda minimalismans um virkni umhverfisins.

Forsendur Erlu Þórarinssdóttur (f. 1955) eru enn fremur formrænar, þó svo að hér sé megin áherslan lögð á könnun rýmisins sem býr yfir tvöfaldri virkni. Annars vegar eru það lítaðir punktar eða hringform sem sameiginlega mynda flót, hins vegar blátt hyldýpi rýmisins. Þó svo að verkin beri nöfn líkt og Kort, og gefi þannig til kynna vísanir í fræðilegar og/eða frumspekiilegar forsendur — stjörnufræði/stjörnuspeki/dulspeki — þá eru þessi verk fyrst og fremst formræn og fjalla um liti og form og hvernig þetta tvennt skapar óskilgreinda rýmismöguleika, líkt og við sjáum enn fremur í öðrum verkum listakonunar þar sem formin eru hugsuð sem ílát fyrir afmarkað eða skilgreint rými.

Sigrún Ólafsdóttir (f. 1963) kannar enn fremur rýmið í einkar efnisrýrum verkum sem byggjast á fágudu línumspili. Verkin eru annað hvort eintal línumnar eða samræður lína, sem nálgast eða skarast á myndfletinum. Þetta eru ljóðrænar, munúðarfullar línum, sem ekki aðeins skilgreina ákveðið rúmtak heldur gefa fremur í skyn fjarlægð og nálægð í rýminu. Þetta eru rýmislínur þar sem innri tengsl reyna á tilfinningalega hluttekingu og skynjun áhorfandans til hins ýrasta. Sjálf segir listakonan að línumnar séu eindir í formrænu frásagnarkerfi líkt og bókstafir fyrir ljóð, eða tónar fyrir tónverk.

Í teikningum Ingólfss Arnarssonar (f. 1956) nálgast listamaðurinn óendenlega núllpunkt sköpunarinnar bæði efnislega og formrænt. Við fyrstu sýn virðast þessar teikningar vera géometriskar samstillur, kaldar og fjarlægar. Margt ýtir undir þessa upplifun: Teikingarnar eru byggðar upp af lóðréttum-, láréttum- og skástrikkum sem listamaðurinn dregur á hvíta örök (21.3 x 15.3 sm) sem lögð er á glerplötu til að koma í veg fyrir „frottage“,

þ.e. að undirlag verksins taki fram fyrir hendir listamannsins. En í raun er þetta kross-skygging sem gerir þær kröfur að listamaðurinn vinni í fullkomnu jafnvægi — líkamlegu og andlegu — milli sín og miðilsins. Vinnuferlið er hægt, stöðugt, jafnt þar til að listamaðurinn hefur mettað teikninguna eða verkið. Þetta jafnvægi, sem við eignum að geta lesið út úr teikningunum, milli listamannsins og efnis, gefur til kynna lifrænan þátt, sem verður til í sampættingu eða jafnvægi milli ljóss og skugga, reglu og óreglu, staðfestu og tilviljunar, hægt og hratt, þess að opna eða hylja, áræðni og veikleika. Í þessum óhlutlægu teikningum, þar sem við merkjum ekki stigveldi formanna, er hugmyndin, efnid og athöfnin að teikna samtvinnuð heild og upplifun og skynjun áhorfandans tilfinningaleg. Og skynjun áhorfandans beinist ekki aðeins að hverri teikningu heldur ekki síður að heildaruppsetningu myndanna, linunni í öðru veldi.

Form- og rýmiskannanir sem við kynnumst í verkum Kees Visser (f. 1948) eru afgerandi konkret eða hlutstæðar. Þær hafa engar ytri visanir. Í stóru, umhverfislegu samhengi greinir hann í verkum sínum hlutverk listhlutarins og tengsl hans við veggi sýningarrýmisins, sem í þessu tilfelli hefur öðlast virkni til jafns við listhlutinn. Og ef við rýnum nánar inn í heildarrýmið og einangrum hlutinn, líkt og verkið sem við höfum hér á sýningunni, sjáum við að formtilraunir listamannsins fjalla ekki síður um formræn myndhvörf — optisk — þar sem listhluturinn tekur breytingum eftir stöðu áhorfandans. Andspænis verkinu virðast hvitir rimlarnir koma saman í einn punkt. En þegar áhorfandinn færir sig til hliðar koma í ljós bláir rimlar sem umbreyta tvíviddarvirknini myndarinnar í raunverulegan, þriviðan hlut, fjarviddarteikningu. Þetta er formræn hugleidiðing/framsetning sem kerfisbundið kannar sampættingu grunnforma og rýmis samtímis sem listamaðurinn ýtir á undan sér, smám saman, þekktum landamærum konkretlistarinnar.

Ragna Róbertsdóttir (f. 1945) hefur unnið hefur í gegnum tíðina óhlutlæga skulptúra — sem þó hafa oft til að bera fjarlæga náttúruvíusun — í hör, torf, Stein og gummí. Í þessu samhengi sýnum við teikningar hennar, svartar, tvívíðar teikningar sem þó bera keim af fyrri viðfangsefnum listakonunnar. Við fyrstu sýn virðast þetta vera hlutstæð form, hringir sem tengdir eru með linu. En þegar við lesum verkin í gegnum fyrri verk hennar hvarf-ast formin og við sjáum tengslin, rúllurnar (sem ganga líkt og rauður þráður í gegnum verk hennar) enn fremur sem slik skyntengsl læða hreyfingu inn í verkið. En þar sem þessi form eru teiknuð beint á vegginn draga þau enn fremur fram virkni hans og þátt i skynjun áhorfandans. Þannig fær þessi teikning virkni á ólíkum form- og rýmislegum plönum sem fornraent myndhvarf, hreyfing og hlutstæður veruleiki.

Í verkum þeirra listamanna sem hér hafa verið nefndir hefur útgangspunkturinn fyrst og fremst verið formrænn. Þessir listamenn hafa lagt sig fram við, meira eða minna, að finna upp form og kanna framsetningarmöguleika þeirra í rýmislegu samhengi. Í þessari leit hafa þeir enn fremur notað margvisleg efní og aðferðir, sem enn og aftur hafa leitt af sér áður óséða möguleika. Í verkum sínum hafa þessir listamenn framlengt hefðina og gefið okkur nýja, óhlutlæga sýn.

En svo eru enn fremur aðrir listamenn sem koma að hinni óhlutlægu myndgerð eftir nokkuð öðrum leiðum. Þar er fyrst að nefna Kristján Guðmundsson (f. 1941) sem þegar á 8. áratugnum var farinn að gera óhlutlægar teikningar, sem hafa þó til að bera merkingarsvið líkt og sjá má í verkinu *6 x 7 jafntimalínur* frá árinu 1974, þar sem tími og lengd línum skilgreina breidd þeirra. Og síðan í verkinu *Lengsta nótt á Íslandi (einna mínútu línum)*, þar sem listamaðurinn dregur á blað svartar línum sem tákna lengstu nóttina. Í þessum verkum hefur áhorfandinn (líkt og listamaðurinn) verið leystur undan öllum huglægum vangaveltum. Þessi augljósa klifun milli heitisins og verksins, milli formsins og inntaksins, lokar fyrir alla túlkunarmöguleika hjá áhorfandanum og kemur enn fremur í veg fyrir að hann komist upp með hreina formræna og fagurfræðilega upplifun. Í þessum verkum á sér stað ákvæðin og skýr tæming milli formsins og forsendu verksins. Form og forsendur standast á og getur hvorugt án hins verið. Þessi myndhugsun hefur alla tildein kennit verk Kristjáns Guðmundssonar, samtímis sem hún hefur í gegnum tíðina vikkad bæði hvað varðar hinum hugmyndalegu forsendur — verkin eru orðin margræðari — og ekki síður efnislega, þar sem listamaðurinn hefur á síðastliðnum árum unnið meir meðvitað með sjálf sýningarrýmið líkt og sjá má í verkinu á þessari sýningu sem heitir *Brotinn sjón-deildarhringur*. Hér er teikningin kalkipappi sem kliptur er í eina langa ræmu og brotinn í jafnsiða línum á veggnum. Þó svo að verkið virki fyrst og fremst formrænt, líkt og svo morg fyrri verk Kristjáns, þá er efnid, kalkipappið, hlaðið merkingu sem listamaðurinn útlistar m. a. í framsetningu verksins. Með því að brjóta kalkipappið við enda hverrar línu gefur hann hæversklega til kynna eðli og virkni efnisins og verksins í heild. Verkið

vísar út, nýtir sér flutnings- og fjölfjöldunareiginleika kalkipappírsins, frelsar sig undan hinum tvívíða fleti og undirstríkar hina huglægu vídd sem í því býr og við finnum í nafngiftinni: *Brotinn sjóndeildarhringur*. Samtímis sem þetta verk er nýr áfangi í listsköpun Kristjáns Guðmundssonar þá vísar það aftur í eldri verk listamannsins, þar sem hann með óhlutlægri myndgerð fjallar um tímann, hráðann, orsök og afleiðingu, konkret-ljóðraenu í verkum þar sem efnið er ávallt gjörnytt.

Í þeim óhlutlægu verkum sem Tumi Magnússon (f. 1957) hefur verið að þróa á síðastliðnum árum í beinu framhaldi af hlutamálverkunum, er forsenda skýr. Hún birtist einfaldlega í heitum verkanna. Sjónrænt eru þetta litasamsetningar, hugmyndalega eru þetta málverk af efnum — föstum eða fljótandi — strokleður og plast, blóð og messuvín, skordýraeidur og munnskolvatn. Án þess að verkin búi yfir þeim eiginleikum að skýra sig sjálf þá hefur listamaðurinn meðvitað njörvað niður merkingu þeirra. Að þessu leyti eru tengslin við conceptlistina skýr. Áhorfandanum er ekki gefinn kostur á því að framlengja eða túlka þá óræðu merkingu sem býr í andrúmsloftkenndu litaflæðinu. Aftur á móti hefur áhorfandinn vissa útgönguleið í gegnum nafngiftina, sem hann getur túlkað eða lesið í öðru veldi. Þó svo að þessi verk Tuma hafi til að bera mjög sterka, óhlutbundna, fagurfræðilega nálægð, þá er það ekki í raun málverkið sem skiptir listamanninn mestu máli, heldur hugmyndin, sem hefur margvislegar vísanir og tengingar í sögunni og í fyrri verkum listamannsins. Það hversu langt listamaðurinn gengur í því að láta reyna á „heillagleika“ málverksins í þessum verkum minnir okkur á næsta fluxus-kennda afstöðu til listarinnar, það að rjúfa þessi hefðbundnu landamæri milli lífsins og listarinnar. Og annað — það er húmor í þessum verkum, en slikt dirfska var fremur sjaldséð í hinni hefðbundnu abstraktlisti.

Formin í verkum Ingu Póreyjar Jóhannsdóttur (f. 1966) eru hlaðin merkingu. Formin eru pensilför. Annars vegar 28 rauð pensilför í nánast opinni merkingu. Og hins vegar eru þau nákvæmlega skilgreind sem 24 French Ultramarine og 32 Alizarin Crimson pensilför. Þessi óhlutlægu, samsettu málverk fjalla í raun um sjálf málverkið, um sjálfan núll-punkt málverksins, áður en hráefnið og aðferðin verða að einhverju. Enn og aftur komum við að concept-tengdum hugleiðingum um eðli og takmarkanir listarinnar, jafnframt því sem við greinum tengingar við popplistina og hyperrealismann, þar sem listakonan lætur sér ekki nægja að setja pensilför beint á vegg, heldur endurbryggir hún á upphleyptan hátt hvert pensilfar, ýkir það og magnar. Í þessum verkum hefur abstraktlistin á vissan hátt glatað alvarleik sínum með háðsku viðhorfi sem einnig er bundið í merkingu verksins.

Það er nokkuð alvarlegri tónn í verkum Ívars Valgarðssonar (f. 1954) sem ýmist vinnur með ready-made hluti, beinar vísanir í hversdagslegt umhverfi okkar eða fullkomlega óhlutlægt, þó svo að grunnhugmyndir listamannsins séu oftast menningarlega og félagslega tengdar. Líkt og svo margir listamenn af hans kynslóð kemur Ívar í gegnum conceptlistina — enn og aftur ljóðræna útgáfu hennar — samtímis sem minimalisminn, rýmishugmyndir hans og einfaldur framsetningarmáti hafa sett sinn svip á hugmyndir listamannsins. Í þessu verki sem nefnist *Prjár - sex - niu umferðir* eru hugmyndalegar forsendur verksins skýrar. Listamaðurinn velur að nota sama lit og veggurinn er málauður með. Hann afmarkar þrjá fleti. Fyrsta flötinn málar hann yfir þrjár umferðir af sama lit og síðan sex umferðir á þann næsta og loks niu umferðir á þann síðasta. Á þennan hátt er verkið aferandi hluti af umhverfinu — veggnum — samtímis sem fletirnir óðlast ákvæðið sjálfstæði í upphleyptri mynd efnisins. Í þessu verki, sem á sér formrænt séð vísanir í sögunni, er inntakið skilgreint efni og aðferð við gerð listaverksins. Þetta er því á fyrsta lestrarplani lokað merkingarferli, sem í heild sinni er þó hægt að skoða í samfélagslegu tilliti. Þessi ópersónulegu efnistök setja listamanninn í stærra samhengi, sem samkvæmt honum gerir hann, til jafns við aðra þegna samfélagsins, þáttakanda í umfangsmikilli umhverfislegri mótu, þar sem allir bera sameiginlega ábyrgð í dýpst og viðasta skilningi. Á þennan hátt hafa þeir listamenn sem átt hafa þátt í að endurskoða hið óhlutlæga myndmál tengt það aftur við raunveruleikann með nýjum form- og efnisforsendum, andstætt hinni hefðbundnu konkretlist 6. og 7. áratugarins, þar sem listamenn lögðu sig fram við að tæma verkin af allri ytri skírkotun.

Þó svo að Haraldur Jónsson (f. 1961) hafi kunnað að skapa sérstætt, formrænt myndmál þá liggur hin hugmyndalega forsenda og merkingarsviðið að hluta utan við myndverkið. Mikilvægur þáttur af sköpunarverki listamannsins, sem þó er ekki langur í árum talið, birtist í lágmyndum, oft holum að innan, gerðum í tex. Þessi verk, sem oftar en ekki byggjast á ordaleikum eða þau myndgera í bókstaflegri merkingu hugtök, fjalla ekki sist

um þögina og hinn óefniskennda veruleika líkt og í verkunum *Hljóðhverfi* frá 1993 og *Hvörf* frá 1994 þar sem formgerðinni og merkingu hennar er stillt upp sem negatífu af þekktu fyrirbæri. Í fyrra verkinu hverfur hljóðið inn í þögninga og í því síðara, sem sýnir andhverfu hátalara, sogast hljóðið, hugmyndalega, inn í formið. Verkið *Péttung* frá 1992, sem sett er saman úr lögum af texplötum (hljóðeinangrunarefni), dregur athyglina að þagnarpunktinum. Þessi verk, sem gera þá kröfу til áhorfandans að hann lesi sig samtímis í gegnum nafn og formgerð verksins, virka ekki síður í rýminu umhverfis verkið, í hinum óefniskenndu þáttum sem listamaðurinn nefnir sjálfur andann í hlutnum. Þannig tekst listamanninum að virkja rýmið, sem hann skilgreinir gjarnan sem þögn, og gera áhorfandann að víkum þáttakanda, líkamlega og vitsmunalega, í merkingarmyndun verksins.

Ráðhildur Ingadóttir (f. 1959) byggir verk sín, sem ýmist eru gerð á striga eða beint á vegg, á hringformi sem hún dregur upp með sirkli. Listakonan staðsetur punkta á ferli hringsins sem síðan verða að miðju í öðrum jafnstórum hrингum. Með skurði hringanna myndast form sem listakonan velur með frávarpi, í sálfræðilegum skilningi, sem hún litar með mismunandi mörgum lögum af bláum lit sem er einkennandi fyrir verk hennar. Þessi form, sem listakonan dregur fram, geta myndhverfst frá einni ímynd til annarra sem oft geta verið skematiskar visanir í hlutveruleikann. Formrænt séð virka þessi verk á margræðan hátt. Hringurinn sem lokað grunnform öðlast ómælanlegt rými inn í verkið með mismunandi gegnsærri litaáferð og í teikningunum með því að opna formin út í rýmið utan við upphafshringi myndverksins. Í þessum verkum er útgangspunkturinn lina/hringur, sem listakonan ákvæðar í upphafi, en svo tekur géometrián fram fyrir hendur hennar og leiðir hana inn í sammenningarlegan og náttúrulegan myndheim. Þessi myndheimur, sem býr í heildarrými verkins, er á sifelldri hreyfingu og sifelldum myndhvörfum án þess að merking hans verði nokkurn tímann frumspekileg. Sannleikurinn býr í formrænum eiginleikum hringsins og tengslum hans við umhverfið.

Kristján Steingrímur (f. 1957) hefur lengi unnið með tákni í verkum sínum, sem hann hefur einfaldað meir og meir á síðastliðnum árum. Myndverk hans, sem hann vinnur með olíulit á álplötur, eru samsett úr táknum og margræðum lit. Við fyrstu sýn eru verk hans óhlutbundin, en þegar rýnt er í form og munstur má merkja ákveðin, visindaleg tákni. Í þessu tilfelli eru það teikningar af rafrásum úr stýrkerfi Rafmagnsveitu ríkisins, sem listamaðurinn einfaldar niður í sína frumdrætti án þess að svipta þær frummerkingu sinni. Í öðru verkinu, sem hann nefnir *Tóm*, frá 1991, stillir hann saman fyrrnefndum rafrásum og stærðfræðilegu tákni, sem merkir tóm, á grunni sem er árfarvegur. Með því að tengja þessi tákni eða myndefnispætti öðlast formin afgerandi merkingarsvið. Það sama er að segja um hitt verkið, sem listamaðurinn nefnir *Frávik*, frá árinu 1993, en þar teflir hann saman rafrásateikningum og stærðfræðilegu tákni, sem merkir frávik, og lituðum grunni sem skilgreindur er sem jarðvegur. Á síðastliðnum tveimur árum hefur listamaðurinn síðan unnið með veðurlýsingatákn sem festa annars óræða merkingu listaverksins.

Daniel Magnússon (f. 1958) gengur hins vegar lengra í því að tengja verk sin við raunveruleikann eða þekktar vísanir. Myndverk hans eru samsett úr nokkrum óhlutlægum myndum sem sameiginlega mynda þekktar andlitsmyndir. Á þennan hátt vega myndir salt milli óhlutbundinnar og hlutbundarinnar upplifunar áhorfandans — þar til að kunnugir þekkjá viðkomandi einstaklinga, þá Mikka Mús og Andrés Önd. Með því að velja skematiska andlitsmynd af þeim félögum má glöggt merkja hæðnistóninn í ásetningi listamannsins sem leyfir sér að nota hið óhlutbundna myndmál — söguleg þekkt — sem hráefni í lágmenningarlegt fyrirbæri. Hið einangraða, óræða og upphafna merkingarsvið abstraktlistarinnar er hér endurfætt en þó með fullkomlega nýjum formerkjum.

Á þessari sýningu er reynt að draga saman hlut þeirra íslenskra myndlistamanna sem á síðastliðnum árum hafa valið sér óhlutbundið myndmál. Hér skoðum við sérstaklega formrænar myndgerðir en látum ligga á milli hluta formleysimálverk og landslagsabstraktmálverk sem nokkuð hefur borið á hér á landi á undanförnum misserum.

